

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

#### *Krókatún 3.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. september 2019 breytingu á deiliskipulagi, Krókatún - Deildartún vegna Krókatúns 3. Í breytingunni felst m.a. að nýtingarhlutfall lóðar verður 0,34 og húsið hækkar um 1 m. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Asparskógar 18.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. september 2019 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga, vegna Asparskóga 18. Breytingin felst í að bætt verður við bílastæðum á lóð með innkeyrslu frá Viðjuskógum og aðkoma að bílastæðakjallara verður frá bílastæðum við Asparskóga 16 og 18. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 25. september 2019.*

**Sigurður Páll Harðarson,**  
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. október 2019